

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar nr. 632/2000 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Skorradalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:		kr.
Sorpgjald A	Lögbýli með búskap:	10.000
Sorpgjald B	Tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi:	10.000
Sorpgjald C	Lögbýli án búskapar:	5.000
Sorpgjald D	Frístundahús, fullgerð og í byggingu samkvæmt FMR:	3.000
Sorpgjald E	Íbúðarhús:	5.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 83/1998 um sorpeyðingu í Skorradalshreppi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 1. mars 2001.

Grund, 2. apríl 2001.

Davíð Pétursson oddviti.